

Mánudaginn 30. marz 1936.

Nr. 120/1935. Sturla Jónsson, Sveinbjörn Oddsson,
Helgi Jónsson og Eyjólfur Jóhannsson f. h. Mjólurfélags Reykjavíkur
(Th. B. Lindal)

gegn

framkvæmdarstjórum Landsbankans
f. h. veðdeildar hans, stjórnendum
Ræktunarsjóðs Íslands f. h. Ræktunarsjóðsins, Þórði Jónssyni og Einari
Dagbjartssyni (Pétur Magnússon).

Uppboðsgerð og útgáfa afsals ómerkt.

*Áfrýjað er uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur frá
24. okt. 1935 og eftirfarandi afsali 5. nóv. s. á.*

Dómur hæstaréttar.

Með skuldabréfi, dags. 23. des. 1927, veðsetti Jón nokkur Bergsson veðdeild Landsbankans með 1. veðrétti erfðafestulandið Sogamýri V í Reykjavík, ásamt húsum og öðrum mannvirkjum, til tryggingar veðdeildarláni, að upphæð upphaflega kr. 6300.00, og skyldi árlega greiða í afborgun, vexti og kostnað kr. 392.62. Ef vanskil yrðu á greiðslu þessari, skyldi allt lánið þegar vera kræft án uppsagnar. Ef til sölu veðsins kæmi, þá skyldi heimilt að selja það á opinberu uppboði án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, um fjárforráð ómyndugra.

Samkvæmt heimildarbréfi 17. ágúst 1934 varð meðstefndi, Einar Dagbjartsson, eigandi eignarinnar, sem tjáð er að vera að brunabótamati og að fasteignamati á landinu samt. kr. 22346.00.

Með því að vanskil urðu á framannefndu árgjaldi, krafðist veðdeildin þess 25. júní 1935, að veðið yrði selt til greiðslu eftirstöðva skuldarinnar samkvæmt ofangreindum ákvæðum veðskuldabréfsins. Var uppboðið auglýst í Lögbirtingablaði 8., 15. og 22. ágúst s. á., og skyldi það fram fara á eigninni sjálfri þann 20. sept. kl. 4 e. h. s. á. Var uppboðsréttur settur á hinum tiltekna stað og stundu, en var síðan nokkrum sinnum frestað, þar til er uppboðið fór að lokum fram þann 24. okt. f. á. og með þeim úrslitum, að hæstbjóðandi varð meðstefndi Þórður Jónsson úrsmiður fyrir kr. 9000.00. Tók uppboðsráðandi sér 8 daga frest til athugunar á framkomnum boðum. Þann 5. nóv. s. á. var uppboðsréttur svo aftur settur, og var þá nefndum Þórði Jónssyni, sem fullnægt hafði sölu-skilmálunum, veitt afsal að hinni seldu eign, að áskildum forkaupsrétti Reykjavíkurkaupstaðar.

Auk áðurnefndrar veðskuldar, hvíldu á hinni seldu eign, samkvæmt veðbókarvottorði, útgefnu 20. sept. f. á., þessar veðskuldir.

1. Með 2. veðrétti kr. 2400.00 til Ræktunarsjóðs Íslands samkvæmt veðskuldabréfi 23. des. 1927, að eftirstöðvum kr. 2270.44.

2. Með 3. veðrétti kr. 5000.00 til handhafa samkvæmt veðskuldabréfi 22. sept. 1927. En handhafi og eigandi þessa bréfs er meðáfrýjandi Sturla Jónsson, kaupmaður í Reykjavík.

3. Með 4. veðrétti kr. 3050.00 samkvæmt tveimur veðskuldabréfum dags. 20. ágúst 1934, til Sveinbjarnar Oddssonar prentara og Helga Jónssonar Krabbagötu 1 Akureyri.

4. Með 5. veðrétti kr. 1700 samkvæmt veðskuldabréfi 20. ágúst 1934 til handhafa. En eigandi og

handhafi bréfs þessa er meðáfrýjandi Mjólkurfélag Reykjavíkur.

Eigendur 3.—5. veðréttar mættu hvorki né létu mæta á nokkru þeirra uppboðsþinga, er haldin voru og að framan getur.

Með því að hæsta boð í eignina nam rúmlega veðskuldum þeim, er tryggðar voru með 1. og 2. veðrétti í eigninni, fengu 1. og 2. veðhafi fullnægju sína af uppboðsandvirðinu. Þar á móti hlaut 3. veðréttur að hverfa af eigninni án fullnægju veðhafans að mestu leyti, þar sem aðeins kr. 24.88 virðast hafa greiðzt af þeirri skuld, og 4. og 5. veðréttur glataðist án nokkurrar greiðslu á veðskuldunum.

Hafa nú framantaldir eigendur 3., 4. og 5. veðréttar skotið áðurnefndri uppboðsgerð frá 24. okt. og afsalsútgáfu 5. nóv. f. á. til hæstaréttar með stefnu, útg. 9. nóv. f. á., og krafizt þess, að hvorttveggja þessi dómsathöfn verði ómerkt, og að hinir stefndu framkvæmdarstjórar Landsbankans verði f. h. veðdeildarinnar dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Á hendur Ræktunarsjóði og Þórði Jónssyni virðist sú ein krafa vera gerð, að þeir verði dæmdir til að þola ómerkingu á framangreindum dómsathöfnum, en á hendur meðstefnda Einari Dagbjartssyni, eiganda hinnar seldu eignar, hefir engin krafa verið gerð, enda hefir hann hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti. Þeir þrír varnaraðiljar, sem hafa látið mæta í málinu fyrir hæstarétti, hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og að áfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða þeim in solidum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, sem oftnefnt

uppboð skyldi fara eftir að því leyti sem þetta mál varðar, á að veita uppboðskaupanda eigna, sem þar greinir, 3 mánaða frest á helmingi uppboðsandvirðis og 6 mánaða frest á öðrum helmingi þess frá því, er hamarshögg er veitt, eða frá því, er boð hans er samþykkt, ef það er ekki gert um leið og hamarshögg er veitt. En í 3. gr. skilmála uppboðs þess, er í máli þessu greinir, er svo mælt, að kaupandi skuli greiða kr. 6000.00, þegar boð hans verði samþykkt, að veðskuldirnar á eigninni greiði hann eftir því, sem uppboðsandvirðið hrökkvi til eða taki þær að sér sem sínar skuldir eftir samkomulagi við skuldareigendur fyrir 1. nóv. 1935, og að það, sem uppboðsandvirðið kynni að nema meiru en að framan segir, skyldi greitt innheimtumanni uppboðsins fyrir 1. nóv. 1935.

Ómerkingarkröfu sína byggja áfrýjendur meðal annars á því, að uppboðsskilmálarnir hafi ekki verið í samræmi við áðurnefnd ákvæði 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847 og miklu óhagstæðari væntanlegum kaupanda, og geti þetta atriði að sjálfsögðu hafa haft áhrif á úrslit uppboðsins. Af hálfu varnaraðilja hefir þeim einum andmælum gegn þessum athugasemdum áfrýjanda verið hreyft, að hérgreindum ákvæðum 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847 hafi lengi ekki verið fylgt. En þótt svo væri, þá standa þau samt enn í lögum, og verða ekki talin brott fallin fyrir notkunarleysi. Og úr því að uppboðsheimildin í veðskuldabréfinu frá 23. des. 1927 byggðist á ákvæðum 10. gr. tilsk. 18. febr. 1847, bar uppboðsráðanda einnig að hafa söluskilmálana að því er snertir veðskuld uppboðsbeiðanda í samræmi við þau og gegn hæfilegri tryggingu af kaupanda hálfu, nema samþykki réttra hlutaðeigenda kæmi til. En eins

og fyrr segir, mættu áfrýjendur ekki á uppboðsþingunum, sem haldin voru, né heldur samþykktu þeir með öðrum hætti afbrigðin. Það verður því af þessari ástæðu, og án þess að athuga þurfi aðrar þær ástæður, sem áfrýjendur hafa framfært til stuðnings ómerkingarkröfu sinni, að taka hana til greina og fella úr gildi uppboðsgerðina 24. okt. og afsalsútgáfunna í uppboðsréttinum 5. nóv. 1935.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma hina stefndu framkvæmdarstjóra Landsbankans f. h. veðdeildar hans til að greiða áfrýjendum 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Uppboðsgerðin 24. okt. og afsalsútgáfan 5. nóv. 1935, sem áfrýjað er í máli þessu, eiga að vera ómerkar. Hinir stefndu framkvæmdarstjórar Landsbankans f. h. veðdeildar hans greiði áfrýjendum, Sturlu Jónssyni, Sveinbirni Oddssyni, Helga Jónssyni og Eyjólf Jóhannssyni f. h. Mjólkurfélags Reykjavíkur, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. apríl 1936.

Nr. 12/1936. **Réttvísinn** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Tómasi Jónssyni (Eggert Claessen).

Brot gegn 250. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 2. sept. 1935: Ákærði, Tómas Jónsson, sæti tíu mánaða betrunarhúsvinnu